

Skemmtiferðaskip í hverja höfn?

Þórný Barðadóttir, sérfræðingur
Rannsóknamiðstöð ferðamála
thorny@unak.is



RANNSÓKNAMIÐSTÖÐ
FERÐAMÁLA
ICELANDIC TOURISM
RESEARCH CENTRE

Hvati rannsóknar

- Aukin umferð skemmtiferðaskipa
 - Aukinn áhugi hafna
 - Fjölgun móttökustaða
 - Fleiri og smærri móttakendur
-
- Hvernig gengur?

Leitað sjónarmiða...

- ... hafnaryfirvalda
- ... sveitarfélaga (ferðaþjónusta)
- ... umboðsaðila
- ... ferðaskipuleggjenda
- ... ferðaþjónustu í héraði



Framkvæmd

- Viðtalsrannsókn
 - Hálfopin viðtöl
 - Opnar spurningar
 - Samtali leyft að þróast út frá þeim



Svæði til rannsóknar

- Fjallabyggð
 - Siglufjörður ✓

- Akureyrarbær
 - Akureyri ✓
 - Grímsey ✓
 - Hrísey ✓

- Norðurþing
 - Húsavík ✓
 - Raufarhöfn ?





Áherslupættir rannsókna

- Ávinningur
- Tækifæri
- Áskoranir
- Stefnumótun
- Framtíðarhorfur



Niðurstöður

- Fyrstu vísbendingar
 - Gefa innsýn í viðhorf viðmælenda
 - Greining út frá áhersluatriðum
 - Ekki er hafin greining út frá ...
 - ... aðkomu að móttöku
 - ... búsetu

Neikvætt viðhorf til skemmtiferðaskipa

- „... skemmtiferðaskipaiðnaðurinn er samt alltaf frekar umdeildur. Það eru sumir sem bara eru á móti þessum farþegum og þessi sífellda umræða um að þeir skilji ekkert eftir sig... “

Ávinningur

- „... „...hann er klár. Það eru náttúrulega bara tekjur og betri nýting hafnarmannvirkjanna... Og að sjálfsgöðu er það þannig að einhver hluti af þeim sem hingað koma á skemmtiferðaskipum stoppa í sveitarfélaginu... það er alveg klár ávinningur fyrir sveitarfélagið í gegnum tekjurnar...“

... þó háður

- „... fólk er búið að kaupa sér dýra ferð þar sem allt er innifalið þannig að það fer tæplega út að borða þegar skipið er í auglýn...“
- „... með rútuferðir ... þá kannski er meiri möguleiki fyrir veitingaaðilana, ... ef þau koma í sex tíma þá er verið að fara í hádegismat og svona...“



Tækifæri

- „... tækifærin eru auðvitað gífurleg ef við náum samstarfi við ferðaþjónustuaðila og afþreyingarfyrirtæki...“
- „... það verður að bera sig eftir björginni. Það gerist ekkert ef þú situr bara með lokaða hurð en ólæsta. Þú verður að opna hurðina...“

Ferðapjónusta í höfnum

- „... þar eru lyftarar og fiskikör og bara höfnin iðar af lífi og svo kemur allt í einu bara eitthvert skemmtiferðaskip og allt í einu bara þramma út eitthvað þúsund manns og þú þarft að stýra þessu ...“
- „... trillusjómönnum finnst þeir eiga þetta athafnasvæði, þetta sé þeirra vinnusvæði ... þeim finnst ekkert sjálfsagt kannski að eyða heilum degi í tiltekt, færa dótið sitt og lengja leiðirnar sem þeir þurfa að ganga eftir því ...“

Áskoranir

- „... höfnin þer se getur alveg tekið við einhverri aukningu en við viljum nú kannski geta raðað þessu aðeins betur niður...“
- „... þessi stærri skip bara menga auðvitað eins og lítið þorp... innviðirnir eru ekki þess eðlis að hægt sé að stinga í samband og nota rafmagn... “
- „... upp á slysadeild þetta þýðir bara aukið álag... á sumarleyfistíma...“
- „... ef að kviknar eldur í stóru skemmtiferðaskipi ... hvernig ætla menn að bregðast við því? ...“

Eðli ferðamennsku?

- „.... farþegar skemmtiferðaskipa hafa áhuga á náttúru landsins bara alveg eins og aðrir ferðamenn sem koma hingað til lands og það er náttúra Íslands sem að dregur til sín ... sko, ef við ætlum að fara, segjum til Karíó, og hefðum einn dag, hvað ætli við myndum vilja gera?“



Stefnumörkun?

- „... það hlýtur að þurfa að fara einhvers konar samtal í gang milli ferðapjónustuaðila og bara hérna innanbæjar ...“
- „... það þarf að líta á landið sem landshluta, ekki bara hver höfn ... að svæðin horfi á hvað þau geta fjárfest og samnýtt á milli sín ... hafnirnar þurfa líka að átta sig á að tvö skip á sama svæði taka úr sama pottinum ...“

Framtíðarsýn

- „... ég held að það verði aukning í leiðangursskipum sem eru þessi minni skip. Þau eru lengur á Íslandi, fara í fleiri hafnir og þá á þessa litlu staði og eru með svona lókal í boði fyrir fólkið ...“
- „... þetta er erfiðast fyrir þær hafnir sem eru ekki með neina þjónustu sem þær geta veitt ... ef það eru engar rútur eða leiðsögumenn ... þar sem þarf að keyra allt inn ... þá er svæðið eða höfnin dálítið eins og flugvöllur...“

Framtíðarsýn

- „... bara þessi almenna umfjöllun um Ísland ... að fólk vilji koma hingað ... þá náttúrulega elta skipin það sem er í gangi ...“
- „... skemmtiferðaskipin eru í vandamálum eins og í Miðjarðarhafinu, allt í ófriði og fargani ... þeir vilja koma hingað í öryggið, fólk vill vera í örygginu ...“
- „... hér er bara öruggast að vera í heiminum ... staðir sem nota þetta uppbyggingartímabil til að bæta þjónustuna ... og búa til einhverja afþreyingarpakka koma frekast til með að hanga inni ...“



Jákvæð ásýnd skemmtiskipa

- „... mér finnst vera ákveðin rómantík yfir þessu hérna... bæjarbúum finnst gaman að sjá skip í höfninni...“
- „...svo er bara gaman að hafa stór skip í höfn ...maður sér menn setja myndir á Facebook... svona finnst þetta svolítið flott ...“
- „...það er ávinningu fyrir bæjarbraginn ... að fólk hafi áhuga á að koma hingað, að fólk sé bara að ganga um, kynnst bænum og skoða ... ég held að bæjarbúar fyllist svona ákveðnu stolti ...“

Næstu skref

- Áframhald viðtala
- Greining
- Kynning á niðurstöðum

- Óskastaðan
 - Stækkun rannsóknarsvæðis
 - Spurningakönnun til farþega og áhafna
 - Svæðisbundnar upplýsinga um fjölda farþega/áhafnar og þátttöku í afþreyingu



Kærar þakkir

Þórný Barðadóttir, sérfræðingur
Rannsóknamiðstöð ferðamála
thorny@unak.is

